



Ingvar Sigurgeirsson  
í samstarf við stýrihóp um endurskoðun  
skólastefnu fyrir Stykkishólmsbæ

***Könnun á viðhorfum foreldra í Stykkishólmi  
til starfsins í grunn-, leik og tónlistarskóla  
og álit þeirra á tómstundastarfi***

Apríl 2016

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Spurningar og svör varðandi Grunnskólann.....	5
Hvert er heildarmat þitt á skólastarfinu? .....	5
Athugasemd(ir) við svar um heildarmat á skólastarfinu: .....	5
Hvert er mat þitt á kennslunni í bekk barnsins?.....	6
Athugasemd(ir) við svar um kennslu barnsins .....	6
Hvernig líður barninu þínu í skólanum? .....	7
Álit á sérfræðipjónustu/stoðþjónustu (sérkennslu) skólans? .....	7
Skoðanir foreldra á mötuneytinu í Grunnskólanum?.....	7
Aðrar athugasemdir eða óskir um starfið í Grunnskólanum? .....	10
Spurningar og svör um Leikskólann .....	11
Hvert er heildarmat þitt á leikskólastarfinu? .....	11
Athugasemd(ir) við svar um heildarmat á Leikskólanum .....	11
Hvert er mat þitt á starfinu í deild barnsins? .....	13
Athugasemd(ir) við svar um starf á deild .....	13
Hvernig líður barninu þínu í leikskólanum?.....	14
Skoðanir foreldra á mötuneytinu í Leikskólanum .....	14
Dæmi um það sem barninu líkar mjög vel í Leikskólanum.....	17
Dæmi um eitthvað í leikskólanum sem barninu líkar illa .....	18
Aðrar athugasemdir eða óskir um leikskólastarfið.....	19
Spurningar og svör um Tónlistarskólann.....	21
Hvert er heildarmat þitt á starfi Tónlistarskólans?.....	21
Hvernig líkar þér / ykkur tímasetning spilatímanna hjá barninu? .....	22
Hver er afstaða þín / ykkar til nánara samstarfs við grunnskólann um tónlistarkennsluna (t.d. að barnið fari í tónlistartíma á skólatíma)?.....	22
Aðrar athugasemdir eða óskir um starfið í Tónlistarskólanum? .....	22
Spurningar og svör um tómskundastarfið .....	24
Hvert er heildarmat þitt á tómskundastarfinu í bænum? .....	24
Athugasemdir eða óskir um tómskundastarfið .....	24
Samantekt og umræða.....	25



## Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem gerð var í mars 2016 um viðhorf foreldra í Stykkishólmi til starfsins í Grunnskóla Stykkishólms, Leikskólanum í Stykkishólmi, Tónlistarskóla Stykkishólms, sem og til tólmstundastarfsins í bænum. Könnunin var gerð í tengslum við endurskoðun skólustefnu bæjarins sem nú stendur yfir.<sup>1</sup> Könnun var rafræn og var gerð í tvennu lagi, annars vegar um Grunnskólann, Tónlistarskólann og tólmstundastarfið og hins vegar um Leikskólann. Alls svöruðu 110 foreldra fyrri könnunni eða 73% (miðað við nemendafjölda í Grunnskólanum) en 56 þeirri síðari eða 80%.

Spurt var um hver svaraði og reyndust það vera mæður barnanna í 60% tilvika í könnuninni um grunn-, tónlistarskóla og tólmstundastarf, feður í 22% en foreldrar saman fyrir 18% barnanna. Leikskólakönnuninni svöruðu mæður fyrir 61% barnanna, feður í 10% tilvika og foreldrar saman 29%.

Kannanirnar voru sendar út á þremur málum, íslensku, pólsku og ensku. Sex foreldrar svöruðu á öðru máli en íslensku.

Skýrsluhöfundar þakka foreldrum þessi svör sem koma munu að miklu gagni við endurskoðun skólustefnunnar og annað umbótastarf í skólunum og tólmstundastarfinu.


---

<sup>1</sup> Sjá um endurskoðunina á þessari slóð: <http://skolastofan.is/radgjof/skolastefnuverkefni/endurskodun-skolastefnu-fyrir-sykkisholmsbae>

## Spurningar og svör varðandi Grunnskólann

Alls svöruðu 110 fyrir nemendur í grunnskólanum eða 73%.

### Hvert er heildarmat þitt á skólastarfinu?




Allir foreldrar svara þessari spurningu (N=110). Alls gefa 83% foreldra starfinu þann vitnisburð að það sé gott eða mjög gott. Aðeins eitt foreldri telur starfið slæmt.

### Athugasemd(ir) við svar um heildarmat á skólastarfinu:

- Ekki nægjanlega vel hugað að einstaklingsmiðuðu námi.
- Vantar meira af skapandi greinum, t.d. tónmennt, leiklist og dans. Full mikil áhersla á íþróttir, þar sem nóg er af þeim utan skólatíma.
- Hálkuvörn á skólalóð mjög ábótavant.
- Vantar meiri sköpun og einstaklingsmiðaðara nám.
- Ósátt við; smíðakennslu, að ekki sé ætlast til að nemendur yngri bekkja fari í sturtu eftir leikfimi, að ekki sé kennd tónmennt.
- Vantar tónmenntakennslu.
- Meiri áhersla mætti vera á listkennslu og dans.
- Vantar tónmenntakennslu. Finnst smíða- og myndmenntakennsla ekki nógu fagleg.
- Finnst vanta meiri skapandi greinar, s.s. tónlist, leiklist, mætti skipta á því og einhverjum af þessum íþróttatímum. Þar sem nægt úrval er af íþróttum hjá Snæfell.

## Hvert er mat þitt á kennslunni í bekk barnsins?




Allir foreldrar svara þessari spurningu (N=110)

### Athugasemd(ir) við svar um kennslu barnsins

Aðeins sex foreldrar kusu að gera athugasemdir, en þær voru þessar:


- Samkvæmt myndum á Fésbók virðist mjög mikið líf og fjör í kennslu út um allan skóla það er nýtt og áhugavert
- Mætti vera markvissara heimanám / meira heimanám
- Mætti vera betri enskukennsla
- Ég væri til í að fá meiri upplýsingar um það sem fram fer í skólastofunni
- Góður kennari
- Sumir kennarar taka pirring/vandamál heima fyrir með inn í skólastofuna.

## Hvernig líður barninu þínu í skólanum?



Foreldrar tveggja nemenda sleppa þessari spurningu (N=108).

## Álit á sérfræðipjónustu/stoðpjónustu (sérkennslu) skólans?



Foreldrar þriggja nemenda sleppa þessari spurningu (N=109).

## Skoðanir foreldra á mótuneytinu í Grunnskólanum?

Foreldrar 62 barna setja fram athugasemdir. Ljóst er að veruleg óánægja er með þessa þjónustu.

- Barnvænni mat.
- Þarf að taka meira tillit hvað börnin vilja.
- Mínu barni fannst maturinn ekki góður og hætti þess vegna .
- Höfum tekið bæði börnin úr mat þar sem þau borðuðu ekki matinn og kvörðuðu sáran undan honum. Held að það henti illa að bjóða upp á sama matseðil á Dvalarheimili og Grunnskóla.
- Almennt gott en þó stundum notaðar unnar kjötvörur s.s. kjötfars og stundum ekki heitur matur þetta er eitthvað sem ætti ekki að sjást í það minnsta að heyra til algjörra undantekninga.
- Að sögn kennara mætti bæta mötuneyti.
- Vantar fjölbreytileika.
- Maturinn er ekki barnvænn.
- Kannski heldur mikið af unnum matvælum? Hvort það eigi saman að elda fyrir gamla fólkið og skólakrakka. Mætti vera meiri spennandi matur fyrir krakka.
- Verð mætti vera lægra td. systkynaafsláttur, er með 3 í skólanum en tók 2 úr mat.
- Enga skoðun.
- Súpur (aðalmatur) sem hádegismatur er ekki mjög seðjandi fyrir börn, mætti vera annað.
- Mætti vera betri matur. Er mikið kvartað á mínu heimili.
- Mætti elda matinn frá grunni og meiri fjölbreytni.
- Virðist ekki nógu spennandi fyrir krakka (2 svör).
- Börnin mín bera mötuneytinu ekki góða sögu. Ég hef ekki mætt í skólann til að meta hvað ami að þar. Hef ekki tók á því vegna eigin vinnu. Mér finnst ég hins vegar heyra háværar óánægjuraddir hvað mötuneytið varðar og finnst því þörf á að skoða hvað veldur og gera úrbætur.
- Hér er hægt að gera betur. Ekki spurning.
- Matur gæti verið betri.
- Má vera heilsusamlegra fæði og fjölbreyttara.
- Það er mjög slæmt og hefur verið síðan Sumarliði hætti.
- Barnið mitt hefur ekki áhuga á matnum þar.
- Lélegt.
- Hádegismatinn mætti bæta.
- Höfum ekki þurft á slíku að halda.
- Kvartað yfir matnum þá sérstakleg þegar fiskur er. Geta líka verið dutlungar.
- Mundi vilja sjá betra fisk og kjöt hráefni aðalega þó fisk.
- Barnið er ekki í mötuneytinu.
- Börnin voru ánægð á fyrstu árum en ekki lengur síðan í fyrra hafa þau oft kvartað yfir matseðillnum.
- Mætti vera eitthvað saðsamara en súpur í hádegismat fyrir börn. Annars er venjulegur heimilismatur góður.



- Það er ekki hægt að bjóða börnunum upp á þetta.
- Mikil óánægja með matinn.
- Barnið mitt kvartar ekki. Hef ekki kynnt mér matseðilinn. Má örugglega auka neyslu ferskra ávaxta og grænmetis sé það ekki í boði nú þegar á hverjum degi.
- Mér finnst mikilvægt að í ljósi allrar þeirrar vitundarvakningar sem hefur átt sér stað varðandi sykur að skólinn gæti mögulega tekið upp sykurlausa stefnu (jafnvel reynt að draga einnig úr hvítu hveiti). Við græðum öll á því ef börnin okkar borða hollari fæðu, orkan þeirra í skólanum verður til að mynda jafnari yfir daginn. Þjóðin okkar er alltaf að verða feitari og feitari og það bara skiptir máli að við kennum börnunum okkar að borða hollan mat allan daginn, ekki bara þegar heim kemur. Barnið mitt er til að mynda í heilsdagsskólanum og hefur komið þaðan með kremke1, kanilsnúð, pönnuköku ofl sem á bara ekki heima í mataræði barna, amk ekki á virkum dögum, að mínu mati.
- Gott væri ef aðstaða væri til að elda matinn á staðnum. Börnin hafa kvartað undan matnum og aðbúnaði.
- Mér finnst mötuneytið virkilega gott í skólanum.
- Mötuneytið er vægast sagt ömurlegt maturinn ekki góður
- Börnin mættu fá að skammta sér sjálf á diskana
- Mitt barn var ekki ánægt með matinn svo hún hætti að vera ímat.
- Hef ekki skoðun á þessu.
- Finnst vanta að börnin komi ekki svöng heim.
- Barnið er ekki mat.
- Barnið mitt kvartar undan matnum, segir matinn vondan og ég veit það fyrir vísit að hann borðar illa í hádeginu og hefur tapað dýrmætri þyngd síðan hann byrjaði í grunnskólanum. Eftir ráðleggingar læknis erum við í samstarfi við starfsfólk heilsdagsskóla sem er meðvitað um ástand hans og reynir að hvetja hann til að borða matinn þó það sé erfitt.
- Krakkarnir mættu skammta sér sjálfir á diskinn.
- Mætti vera heilsusamlegri matur, mætti minnka unnar kjötvörur og vinna hráefni frá grunni.
- Ég myndi vilja sjá hreinni fæðu, engar unnar matvörur og meira af grænmeti.
- Mín skoðun er ekki góð og maturinn þarna er ekki boðlegur börnum enda er mitt barn hætt í mat útaf maturinn er ekki nógu góður.
- Ánægð, nema daman mín hatar,, mat á mánudögum“ ...
- Fínn matur
- Ekki nógu gott mötuneyti. Börnin ósátt við matinn.
- Ekki börnum bjóðandi.
- Barnið kvartar mikið og vill ekki vera í mat sem það hentar ekki. Of mikið af fiski.
- Ekki bjóðandi börnum, barnið borðar ekki fisk eftir að hafa verið í mötuneytinu.

- Það er ekki nógu gott. Mitt barn vill ekki vera í mótuneytinu vegna þess hversu lítil fjölbreytni er. Það væri mikið sniðugra að maturinn fyrir grunnskólann væri eldaður í leikskólanum en á dvalarheimilinu.
- Barnið er ánægt með matinn
- Maturinn mætti vera barnvænni, mitt barn vill ekki vera í áskrift.
- Þarf að útfæra matseðilinn betur að börnunum og hafa hann hollari
- Nei, en hef heyrt að einhver óánægja sé í gangi .
- Finnst ekki nógu mikið um spennandi mat fyrir krakkanna. t.d. pizzur o.þ.h sem hægt er að gera á hollan hátt. Of mikið af unnum mat.
- Ekki ánægð. Barnið mitt hætti og þykir mér það miður. Fannst betra að barnið fengi heitan mat í hádeginu.
- Barnið er hætt að borða máltíðir sem innihalda fisk.
- Barnið segir oft að máltíðir eru góðar.
- Máltíðir henta ekki barninu mínu.

### Aðrar athugasemdir eða óskir um starfið í Grunnskólanum?


Alls gera 16 foreldrar athugasemdir:

- Það má leita álights nemendanna á skólastarfinu í miklu meira mæli sérstaklega þegar farið er út fyrir hefðbundna kennslu s.s. starfsstöðvar í hringekju og litlu jól.
- Mætti koma til móts við ofnæmisbörn.
- Nei, erum nokkuð sátt.
- Tímasetning árshátíðar fyrir minnstu börnin er athyglisverð, þau ættu að vera á leið í háttinn kl. 19 og dagurinn á eftir er ónýtur. Spurning hvort heppilegra að árshátíð sé á laugardegi? Eða ef það gengur ekki þá er föstudagur/kvöld heppilegra þar sem það er frídagur á eftir.
- Tímasetning árshátíðar fyrir svona lítil börn er fullseint þar sem börn á þessum aldri eru á leið í rúmið milli 19 og 20 á kvöldin. Spurning hvort ekki kæmi betur út að hafa árshátíð á laugardegi þannig að allir njóti stundarinnar og skapist meiri stemming.
- Hafa fjölbreyttari kennsluaðferðir.
- Ég mundi vilja að nemendur færu í sturtu eftir íþróttir.
- Eins og áður hefur komið fram vantar tónmenntakennslu við skólann.
- Við erum mjög ánægð með nýbreytnina *söng á sal* sem ég sé komið til vera en það mætti gera það þetta markvissara og velja t.d falleg íslensk lög.
- Söngur ætti að vera partur af tónmenntatímunum :)
- Er þeirrar skoðunar að börn eigi að fara í sturtu eftir leikfimi. Eini ókostur skólans.
- Ég myndi vilja að sérfræðipjónustan við skólann væri mönnuð af fagfólki. Finnst vanta skýrari stefnu í þessum málum.
- Skólalóð er eitthvað sem mætti virkilega bæta, þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt í hönnun á lóð hefur þeirri hönnun lítið verið fylgt og alltaf verið að plástra svæðið.

- Of mikill heimalærdómur.
- Mér finnst að færa ætti annan skólaliðann í íþróttahúsið svo börnin komist í sturtu eftir íþróttir. Mikill troðningur er í sturtuklefa þar sem nokkrir bekkir eru að nota þá í einu. Færa mætti annan skólaliðann úr skólanum og yfir í íþróttahúsið. Mér finnst ekkert að gera með tvo skólaliða í fullu starfi við grunnskólann.
- Finnst áhersla á útiveru í frímínútum of mikla. Krakkarnir ná varla að klæða sig á þessum stutta tíma. mætti bjóða þeim að vera inni í stuttu frímínútunum.

## Spurningar og svör um Leikskólann

### Hvert er heildarmat þitt á leikskólastarfinu?



Alls svöruðu foreldrar fyrir 56 börn. Eins og sjá má af myndinni gefa 82% foreldra leikskólastarfinu góðan vitnisburð og engin í foreldrahópnum gefur því slæma einkunn.

### Athugasemd(ir) við svar um heildarmat á Leikskólanum


Alls gera 16 foreldrar athugasemdir við svör um heildarmat á Leikskólanum:

- Almennt er starfið gott.
- Mikil umhyggja meðal starfsmanna á Vík.
- Finnst Leikskólinn of fastur á að fylgja dagskrá. Fara ekki út þegar gott er veður þegar veðrið er gott og fara of lítið út fyrir rammann.
- Vantar upplýsingar hvort barnið borðaði vel yfir daginn (sett á töflu).
- Heildarmat hefði verið mjög gott væri maturinn betri
- Það sem ekki er í lagi við leikskólastarfið að mínu mati er að það er of fast í forminu. Erfitt virðist vera fyrir starfsfólk að breyta til og reyna nýja hluti. Stundataflan gengur

fyrir öllu og það harma ég mjög. Ég myndi vilja að börnin væru meira úti þegar veðrið er mjög gott en þau eru t.d. aldrei úti eftir seinna kaffi. Þetta hef ég oft rætt við leikskólastjóra og deildarstjóra en ekkert breytist því skipulagt starf eftir stundatöflu gengur alltaf fyrir. Þessarar íhaldssemi gætir líka í svokölluðu samstarfi foreldrafélags og leikskólastjórnenda og ég veit það fyrir víst að erfitt er að fá foreldra í stjórn foreldrafélagsins vegna þessa. Setningin „það hefur alltaf verið gert svona“ er eitur í hvaða skólastarfi sem er og plagar Leikskólann í Stykkishólmi.

- Vantar sveigjanleikann í starfið og meiri útiveru.
- Leiktæki við skólann finnst mér vera í lélegu ástandi og hlutir detta af og eru ekki lagaðir.
- Leiksvæðið er illa hannað, brekkurnar við enda leikvallarins eru að mínu mati misheppnaðar og stórir pollar safnast alltaf á miðja grasflötina.
- Mætti vera tafla við deildina þar sem stendur hvað börnin hafa verið að gera, svo hægt sé að ræða um daginn við börnin heima.
- Mætti kannski vera meira vísindatengt.
- Myndi vilja sjá þau oftari úti þegar veður leyfir, eins að krakkarnir væru oftari úti þegar maður sækir.
- Vantar meiri samstarf á milli heimilis og skóla.
- Má vera meira upplýsingaflæði rafrænt. Hvað sé að gerast og fleira.
- Mætti vera „lausara í reipunum“. Stundum finnst mér það of niðurnjörvað. Mér finnst myndlistarkennslu ábótavant.
- Mér finnst athugasemdir foreldra um það sem mætti betur fara (eða einfaldlega hugmyndir) ekki ná í gegn, þær eru ekki skoðaðar. Ég hefði viljað að foreldrar fengju stundum að hafa áhrif, t.d. koma með tillögur að þemadögum eða öðru skemmtilegu. Mætti líka slaka aðeins á stundaskrá, t.d. ef það er gott veður þá finnst mér að börnin mættu vera lengur úti á kostnað næsta dagskráliðs í stundaskrá.

## Hvert er mat þitt á starfinu í deild barnsins?




56 svara þessari spurningu. Bent er á að þessar niðurstöður eru jákvæðari en þegar spurt er um heildarmat á skólastarfinu; 91% foreldra telja starfið gott eða mjög gott.

## Athugasemd(ir) við svar um starf á deild

Foreldrar 10 barna gera athugasemdir við starf á deild:

- Dagsskipulag of fast mótað, sumt starfsfólk ófaglegt (stríðni, öskur, skammir).
- Það mætti reyna að hafa starfið í samræmi við aldur og þroska barnanna. Mjög breitt aldursbil á Vík.
- Væri gott að upplýsingar t.d. í lok viku hvað var gert í vikunni (t.d. á upplýsingatöflu við deild). Þarf ekki að vera langt.
- Okkur þætti gaman að heyra meira um hvað gerist á daginn hjá barninu okkar.
- Á Leikskólann í Stykkishólmi vantar virka listasmiðju, sull, sandkar, hrísgrjónakar, vísindahorn og þess háttar sem örvar og er skapandi en tilfinningin er að ekki sé vinsælt að vera með börnin í „sóðalegum verkefnum“.
- Vantar upplýsingaflæði, alltaf einhver farinn sem var akkurat að sjá um barnið mitt og maður veit ekki neitt.
- Mætti vera meira um göngutúra um nágrenni og um bæinn. finnst lítið vera gert að því.
- Mér finnst það mjög niðurnjörvað.
- Mér finnst hávaði of mikill. Bæði í börnum og starfsfólki. Hef t.d. setið í söngstundum og krafa um þögn er ekki mikil. Mætti alveg vera meiri agi.
- Starfið er gott og starfsfólkið elskulegt í garð barnsins. Mér finnst dagskipulagið hins vegar of niðurnelgt og stundum mætti breyta til.

## Hvernig líður barninu þínu í leikskólanum?



Alls svöruðu foreldrar fyrir 56 börn.

## Skoðanir foreldra á mötuneytinu í Leikskólanum

Alls lýsa foreldrar 49 barna skoðunum sínum á mötuneytinu.

- Mitt barn er mjög sáttt við matinn.
- Of oft mysingur í drekkutíma. Mætti líka vera sjaldnar unnar kjötvörur.
- Mætti vera meiri metnaður í eldhúsinu, vera duglegri að baka með kaffinu, t.d. skonsur, lummur og döðlubrauð í staðinn fyrir þessi hrökkbrauð og hafrakex sem eru ansi oft í viku. Það er auðveldlega hægt að nýta átta tíma vinnudag betur hjá starfsmönnum eldhússins ef það er varið minni tíma í að sitja og þrjóna inn á kaffistofu.
- Mætti vera heilsusamlegra.
- Mætti vera hugsað um næringu frekar en fyllingu. Bakað brauð frekar en hrökkbrauð.
- Lítil metnaður lagður í matseld, mikið af óþarfa innihaldsefnum sem auðvelt er að taka úr matnum. Of mikið um næringarlítinn mat.
- Gott (2 svör).
- Barnið mitt kvartar ekkert undan matnum og hef ég ekkert útá það að setja. Mjög sniðugt er samt að næringafræðingur taki út matinn reglulega.
- Of mikið af unnum mat í boði.
- Væri gaman að láta taka það út af fagaðila. Komin nokkur ár síðan það var gert síðast.
- Mikið brauðmeti (mætti sjá meira grófara brauð á boðstólum). Spurning hvort það sé hægt að nýta matarafgangna (lífrænn úrgangur) til að baka úr (t.d. „hollustu“ brauð) sbr. leikskóla í Kópavogi.

- Mætti minnka sykur, kakó- og tómatsósunotkun og magn sem eldað er af mikið unnum matvörum.
- Já. Maturinn virðist ekki vera nógu næringarríkur. Efast um að hann taki mið af nýjustu leiðbeiningum varðandi næringu leikskólabarna. Of mikið af tómatsósu og unnum kjötvörum.
- Maturinn sem börnin fá, er ekki í lagi. Óhófleg notkun tómatsósu. Kavíar, malakoff og fleira ætti ekki að vera í boði. Hakksúpa, galdrasúpa og tröllasúpa eru ótrúlega óhollar og ættu ekki að vera í boði fyrir börnin. Oft er bara hrökkbrauð í boði í seinna kaffinu, en engin börn á Vík geta borðað það, það er of hart. Ég myndi vilja sjá brauðið bakað á staðnum í stað keypta samlokubrauðsins.
- Ég tel það vera fínt, hef samt aldrei borðað þar og ekki fengið miklar upplýsingar hvort barnið borði.
- Ekkert út á það að setja.
- Miðað við hvað mitt barn er ánægt þá hef ég ekkert út á það að setja.
- Maturinn er almennt mjög góður og hugsað vel um fjölbreytni og næringarinnihald en þó svoldið um að notaðar séu unnar kjötvörur, s.s. kjötfars.
- Sátt.
- Mjög gott mötuneyti.
- Hef heyrt að tómatsósa sé mikið notuð og að það megi aðeins auka hollustuna en hef ekki nógu mikla vitneskju um það sjálf.
- Vantar oft meiri mat og mætti vera í hollari kantinum
- Að undanfögnu hefur verið mikil vitundarvakning varðandi sykur og áhrif hans á okkur og börnin okkar. Mér finnst að leikskólinn mætti íhuga að gerast sykurlaus því það er til svo mikið af góðum mat sem ekki þarf að innihalda sykur (þá á ég einnig við brauð og annað sem einhverra hluta vegna inniheldur oft sykur). Við þurfum að rjúfa þennan vítahring sem er að geta okkur öll svona feit og því er kjörið að byrja strax í leikskólanum. Svo á þetta örugglega eftir að hjálpa leikskólanum því orka barnanna verður stöðugari, þau verða heilbrigðari, tennurnar þeirra verða heilbrigðari og það bara vinna allir.
- Sátt við mötuneytið, mætti taka smá heilsustefnu.
- Mér finnst mötuneyti leikskólans virkilega gott og er virkilega sátt með það.
- Mjög ánægð með mötuneytið.
- Finnst maturinn fjölbreyttur og góður.
- Taka út sykur.
- Mjög gott og maturinn vekur mikla lukku hjá barninu.
- Barnið er ánægt svo það er væntanlega gott.
- Börnin eru ánægð og þá er ég ánægð !
- Já, við erum að borga fyrir heitan mat í hádegi og skyr og brauð telst ekki vera heit máltíð.
- Gæta þarf að fjölbreytni, virðist allt of oft vera það sama í matinn.

- Já, ég hef sterkar skoðanir á mötuneyti leikskólans. Ég tel að það megi taka mötuneytið algjörlega í gegn. Vera með ákveðna stefnu. Mér finnst skipta miklu máli hvað er verið að gefa börnunum, er mikið um unnar matvörur, er mikill sykur í matnum. Hvað er verið að gefa þeim í kaffitímum? Reyna að vera með fjölbreytt og hollt úrval. T.d. ekki bjóða uppá sykurkex sem er gert, vera frekar með fjölbreytt úrval af hrökkbrauði og grófu heimabökuðu brauði. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Annað er að mér finnst mega endurskoða föstudagana þegar er afmælishátið og boðið er upp á jarðaberjaskyr í hádegismat og ekkert annað! Skyrið er troðfullt af sykri og svo eru ekki öll börn sem borða skyr. Afhverju er ekki boðið upp á t.d. flatkukur með eða hrökkbrauð. Við verðum að virða skoðanir barnana. Ég get talið áfram en ég ætla ekkert að fara í fleirri smáatriði. En ég tel að það þurfi að endurskoða fæðu barnanna.
- Ánægður með starfið í mötuneytinu og barnið borðar ve.l
- Mætti endurskoða margt í sambandi við mötuneyti leikskólans.
- Já, það er margt sem mætti betur fara.
- Finnst það gott.
- Ég er ánægð með það og barnið mitt líka.
- Mjög góður matur að mér skilst. Strákurinn minn lélegur að smakka mat (matvandur) en borðar nánast alltaf vel á leikskólanum.
- Hef ekki kynnt mér mötuneytið. En ef lítið er um sykur og mataræðið hollt og lítið um mikið unnin mat þá er ég sátt.
- Já. Okkur finnst mötuneytið mjög ábótavant. Þar vantar fjölbreytni, ef maður fylgist með matseðlinum þá sér maður að þetta eru ítrekað sömu réttirnir. Við myndum vilja sjá fleiri grænmetisrétti, maður sér þá sjaldan. Eins líka réttir með pasta og kjúkling. Ánægjulegt að það sé fiskur tvisvar í viku. Við erum ekki hrifin af tómatósuhelðinni sem virðist vera ríkjandi. Einnig fjölbreytni í kaffitíma, kakómalt og ristað brauð alla föstudaga. Væri gaman að sjá heimabakað brauð í staðinn og einfaldlega mjólk. Hitt er svo mikill óþarfi. Okkur skilst einnig að börnin fái mikið af kjötáleggi sem er ekki ákjósanleg næring fyrir börn.
- Í lokin, á morgnanna er ávaxtastund um 10. Þar fá börnin ávexti, sem er oftast 1/4 af epli eða 1/3 af banana. Það þarf engin að segja mér að það sé mettandi fyrir þessi kríli.
- Í mötuneyti í leikskóla, sem og öðrum skólum á að leggja áherslu á hollt mataræði. Ég hef það frá fyrstu hendi að t.d. sé sykri bætt í ýmsan mat (t.d. kartöflumús o.s.frv.) sem er fáránlegt. Leikskóli, sem uppeldisstofnun á ekki að taka fram fyrir hendur foreldra með því að hafa á borðum óhollari mat en tíðkast heimafyrir. Það er ekki rétt og satt að það sé ódýrara að gera hollan mat fyrir börn, þar sem ljóst er að dýrara er að nota óþarfa óhollustu í rétti sem ekki þarfnast þeirra.
- Matseðilinn er oftast nær fjölbreyttur og góður, en stundum finnst mér eins og það sé verið að gefa börnum bara eitthvað. Hvort ástæðan sé fjárhagslegs eðlis er ekki mitt að dæma um, en ég tel nauðsynlegt að láta börnin njóta vafans og passa að þau



nærast almennilega, frekar en þau fái eitthvað sem þeim finnst gott. Uppeldi myndi ekki ganga þannig.

- Mætti vera minna unninn matur, hollari, heimabökuð brauð. Ekki sykur á grauta.
- Sátt.

## Dæmi um það sem barninu líkar mjög vel í Leikskólanum

Alls treysta foreldrar 48 barna sér til að nefna dæmi um það sem barninu þeirra líkar vel í leikskólanum. Eitt foreldrið svarar þessu neitandi. Önnur svör eru þessi:

- Útivera (5 svör).
- Mjög hrifin af leikskólakennurunum.
- Líkar vel við starfsfólkið sem passar það.
- Stóra valið, söngstund, gönguferðir
- Útivera, Hollow kubbar og perlur.
- Námið.
- Barninu finnst bara mjög gaman á leikskólanum.
- Líkar vel við kennarana sína og leiki.
- Söngstundir (3 svör).
- Stóra val og flæði (3 svör).
- Hópastarf.
- Hollow kubbar og allt sem tengist hreyfingu og útiveru.
- Söngstundir. Samband barnsins við starfsfólk er mjög gott, er mjög öruggt með þær og heldur upp á allar.
- Barnið mitt er mjög hrifið af starfsfólkinu á deildinni og flestu því sem þau gera saman á leikskólanum.
- Flestir sem vinna þarna gefa frá sér hlýju og öryggi, og söngstundir
- Honum líkar vel við sögustundir og söng. Einnig er hann ánægður með fóstruna hana Söru og Karín.
- Starfsfólk og hvað allir eru glaðir (2 svör).
- Starfsfólkið og hvað allir eru glaðir.
- Leika sér.
- Það er oftast tekið vel á móti honum þegar hann kemur og það hefur hann þörf fyrir.
- Að fá að vera í salnum.
- Barninu mínu finnst gaman að gera nýja hluti og kanna nýjar slóðir.
- Skólastund, annars flest allt.
- Þegar má koma með eitthvað að heiman.
- Kennara sína.
- Barninu finnst mjög skemmtilegt í skólastund og í öllu sem tengist vísindum. Hann er mjög ánægður með kennarana sína.
- Allt föndur og dúll.

- Leikskólakennararnir sínir.
- Frjáls leikur.
- Barnið er mjög ánægt með kennarana á deildinni sinni og er ánægt, það er glatt þegar það fer á leikskólann og þegar það fer heim.
- Allt gott. Barnið ánægt að mæta og vill helst ekki koma heim. Það segir meira en mörg orð.
- „Stóra val“ og útivera.
- „Skólastundir“ og „stóra val“.
- Hann elskar að fara í Hollow blocks.
- Honum líkar sérstaklega vel við starfsfólkið. Uppáhalds er hún Malla.
- Stóra valið. Útivera. Vinirnir. Kennararnir.
- Valið er mjög vinsælt. Almennt eru allar samverustundir mjög skemmtilegar og heilt yfir virðist allt falla í kramið. Ekki kvartað undan neinu úr leikskólanum nema hinu venjulega sem fylgir þroska í samskiptum barna.
- Kennararnir.
- Söngur.

### Dæmi um eitthvað í leikskólanum sem barninu líkar illa

Foreldrar 26 barna svara þessu ekki og aðrir 14 svara nei eða ekkert. Önnur svör eru þessi:

- Því finnst leiðinlegt að vera of lengi í útiverunni (tvö svör).
- Stríðni sem á sér stað meðal barnanna, þá helst í útiveru, verið að skilja út undan, hrinda og pikka út atriði í fari einstaklinga sem skera þá úr.
- Ýtt sé á sig af öðrum. (Prakkarast)
- Stundum mikil læti.
- Fyrsta hálfu árið var mjög erfitt fyrir barnið mitt að fá ekki að fara fyrir að sofa en 12:15.
- ... veit ekki þar sem upplýsingarnar eru að skorum skammti.
- Barnið mitt er mjög vart um sig í leikskólanum og vill ekki fara þangað á morgnanna, grátbiður stundum um að vera heima. Það er ekki gaman að senda barnið svoleiðis í leikskólann. Barninu virðist líka illa framkoma annarra barna gagnvart sér og er smeykt við börn sem virðast meiða það og/eða stríða því.
- Mikill hávaði og læti, strákanrnir eru óþekkir og stríða.
- Hópastarf.
- Þrengsli og lítið rými.
- Hvernig strákanir á deildinni hegða sér. Þeir virðast komast upp með margt.
- Hann á erfitt með söngstund á sal
- Ég held ekki. Barnið kvartar reyndar undan lítilli útiveru.
- Nei, almennt vel hugsað um barnið. Börn eiga ekki endilega að vera sátt við allt, en ekkert sem því líkar illa.

## Aðrar athugasemdir eða óskir um leikskólastarfið


Foreldrar 26 barna skrá athugasemdir:

- Okkur finnst verkefnið með keðjur og lykla á deildinni varasamt. Við vorum búin að fá þá skýringu að þetta væri aðeins tekið fram undir ströngu eftirliti leikskólakennara en við höfum sjálf orðið vör við að börn séu að leika sér með þetta undir litlu sem engu eftirliti.
- Þegar deildin er ekki aðeins með börnum á sama aldri finnst mér að það ætti alls ekki að mismuna eftir aldri þegar heimsóknir og annað á sér stað. Öll deildin ætti að vera í sama skipulagi.
- Stjórnendur mættu hlusta betur á foreldra og sýna fram á að raddir þeirra skipti máli og mark sé tekið á þeim. Að ekki sé einungis jánkað heldur að eitthvað sé í gert í málinu.
- Minnka starfsdaga.
- Foreldrafélagið hefur ekki verið mjög virkt síðustu tvo vetur og er það frekar lélegt. Fara þarf yfir leikskólalóðina og laga hana, það er ekki boðlegt fyrir börnin að geta varla leikið sér úti þegar það er búið að vera rigning útaf því að það myndast alltaf risa pollur sem er hættulegur. Viðhald á húsnæði, tækjum og lóðinni mætti vera betri, synd að sjá nýtt hús og nýja lóð drappast niður vegna viðhaldsleysi. Mokstur á bílaplani á veturnar mætti vera miklu betri, koma stundum heilu dagarnir sem ekki er mokað.
- Mætti hirða betur um lóðina og svo þessi klakamyndun er stórhættuleg a leiksvæði barnanna. betri merkingar að fólk eigi að stöðva vélar bila. Einnig skortur a ljósum utandyra við bílastæði.
- Við viljum sjá fundargerðir foreldrafélags og foreldraráðs inn á heimasíðunni. Hefur ekki komið fundargerð þangað inn í tvö skólaár. Hefur ekkert verið fundað þetta skólaár (2015-2016)?
- Mætti bæta viðgerð á leiktækjum á útisvæði. S.s. þegar þau skemmast eða verða fyrir tjóni að gera við þau sem allra fyrst. Ekki bíða með það í marga mánuði eða ár! Eru hringborðin í fataklefum ennþá laus?
- Auka útiveru, bæta mataræðið og oft mætti vanda sig betur við að taka á móti börnunum.
- Allt kapp mætti leggja á það að bæta næringarinnihald matarins á þessari stofnun.
- Leikskólinn okkar er yndislegur en hann gæti með svo lítilli fyrirhöfn orðið miklu betri.
- Eitt sem mér finnst vera slæmt er að ekki virðist vera hægt að koma í veg fyrir þá biðlista sem myndast á leikskólanum. Börnin úr öðrum sveitafélögum (skrá sig til heimilis hér en búa ekki hérna) keyra börn sín hingað sem veldur því að þeir sem hafa hér börn á biðlista koma þeim ekki inn.
- Starfsfólk mætti oft vera glaðlegra.

- Mér finnst að starf leikskólans mætti vera slakara, of stíf dagskrá. En að mestu ég er virkilega sátt.
- Viðhald og umhirða útisvæðis mætti vera betri.
- Mætti brjóta starfið aðeins meira upp t.d. með því að hafa dótadaga, búningadaga fleiri bangsadaga t.d. Svo mætti íhuga að breyta nafninu á leikskólanum í eitthvað barnvænna!!
- Það mætti alveg athuga hvort það væri hægt að smúla af þeim sandinn áður en þau fara inn svo maður sé ekki að taka hálfan sandkassann með sér heim.
- Aðeins of mikið af þemum og skemum.
- Vill sjá mikið meira frelsi og liðleika og það má minna starfsólk á að það er í þjónustustarfi og á að vera liðlegt og hjálplegt við fjölskyldur barnanna. Leikskólinn á ekki að snúast um hvað kemur starfsfólkinu best, heldur á velferð barnsins alltaf að vera í fyrirrúmi.
- Óþrifnaður á lóð og við innganga leikskólans. Maður veður snjó, klaka og skít upp á ökkla til að komast inn í hús.
- Einnig má minna bæjaryfirvöld á þeirra skyldur varðandi eðlilegt viðhald húss og lóðar. Hreinlega til skammar hvernig lóðin og gróðurinn er að fara.
- Á leikskólanum er ógrynni að flottum efnivið sem þarf að huga betur að. Útisvæðinu þarf að halda við ásamt útidótinu sem börnin eru að leika með.
- Vinna við öskudagsbúninga er frábær og mjög skapandi. Mér finnst vanta meira af myndlist í leikskólann. Markvissari kennslu. Börnin eru að koma heim með myndir ca. annan hvern mánuð. Ekkert af því finnst mér eigulegt. Það hverfur mjög flótlega þegar heim er komið. Auðvitað er þetta liður í þroska þeirra og allt það en það væri gaman að þau fengju að mála annað slagið og kæmu heim með eitthvað eigulegt.
- Mér finnst vinnan við öskudagsbúningana alger snilld. Mér finnst gott starf unnið í skólastundum. Mér finnst leikskólinn mætti fara meira í vettvangsferðir, á öllum árstímum.
- Ég myndi vilja sjá boðið oftast upp á útiveru í stóra valinu. Barnið mitt kvartar mikið undan því að það sé aldrei í boði og þegar það er í boði þá kemst barnið sjaldan í það þar sem það er fullt. Væri ekki nær að bjóða oftast upp á það og kannski fleiri pláss :)
- Mér finnst samskiptum milli skóla/kennara og foreldra vera ábótavant. Það þarf einhvernvegin að bæta úr því. Sökin er ekki endilega bara annars hvors aðilans.


## Spurningar og svör um Tónlistarskólann

### Hvert er heildarmat þitt á starfi Tónlistarskólans?




Alls svara 52 þessari spurningu.

## Hvernig líkar þér / ykkur tímasetning spilatímanna hjá barninu?



Alls svara 52 þessari spurningu.

## Hver er afstaða þín / ykkar til nánara samstarfs við grunnskólann um tónlistarkennsluna (t.d. að barnið fari í tónlistartíma á skólatíma)?



Þessari spurningu svara 53, sem skýrist af því að einn svarar sem ekki á börn í skólanum.


## Aðrar athugasemdir eða óskir um starfið í Tónlistarskólanum?

Foreldrar 17 bara setja fram ábendingar:

- Hef mjög góða reynslu af spílatíma barnanna minni á skólatíma vildi svo gjarnan að bygging tónlistarskóla við grunnskólann væri ofar í forgangsröð bæjarins.
- Ef þetta er val innan skólans þá gæti það gengið en alls ekki ef barnið er tekið út úr mikilægum fag tímum eins og stærðfræði þar sem hlaðið er upp grunnur þekkingar stig frá stig og alvarlegt að missa úr tíma.
- Væri ekki sniðugt að reyna að hafa barnakór í Hólminum???
- Vil ekki að barnið mitt sé tekið úr almennri kennslu fyrir tónó. Ef göt eru í töflu væri það í lagi.
- Ég myndi ekki vilja að barnið mitt yrði tekið úr skólatíma til að fara í tónlist en ef til vill er hægt að flétta stundatöflurnar meira saman.
- Kennarinn er ekki duglegur að svara foreldrum og þegar það eru tónfundir þá fær maður að vita af þeim mjög seint, jafnvel bara samdægurs að barnið mans eigi að spila á tónfundi sama dag sem er skelfilegt upp á skipulagningu.
- Svo lengi sem það bitnar ekki á náminu.
- Vantar kórastarf fyrir börn á alrinum 7-12 ára.
- Upplýsingaflæði mætti vera betra, um viðburði og annað.
- Ég er mjög hlynnt frekara samstarfi milli skólanna en vill alls ekki að barnið mitt fari út úr kennslustundum til að fara í tónlistartíma.
- Ég vil ekki að barnið mitt sé tekið útúr tíma í Grunnskólanum til að stunda tónlistarnám.
- Húsnæði er gamalt og farið að láta á sjá, þó svo að nýlegar lagfæringar hafi verið til bóta, salernisaðstaða er hneyksli og fólki varla bjóðandi.
- Vantar að leyfa leikskólabörnum að koma að læra.
- Ég er hlynnt því að samræma tónlistarkennslu við kennslu í grunnskólanum og hafa þetta nær, en ekki að það sé verið að taka út úr tíma, því þá er barnið alltaf allaf að missa úr sömu tímum.
- Tónlistarskólinn býr við mjög bágan húsnæðiskost.
- Finnst betra ef börn fái að vera í tónó fyrir kl 16:00.

## Spurningar og svör um tómstundastarfið

### Hvert er heildarmat þitt á tómstundastarfinu í bænum?



Foreldrar 90 barna veita svör við þessar spurningu.

### Athugasemdir eða óskir um tómstundastarfið

Alls komu 24 athugasemdir:

- Alltaf eitthvað af krökkum sem finna sig ekki í því sem er í boði. Taka samtalið við þær fjölskyldur og kanna hvað væri helst að bjóða uppá. T.d. stutt námskeið í mismunandi hlutum sem henta áhugasviði viðkomandi.
- Vantar meira úrval, t.d. barnakór, sundæfingar, reiðnámskeið o.þ.h.
- Vantar að bæta við dansi eða fimleikum.
- Óheppilegt að íþróttæfingar fyrir börn í 1. bekk hittast á sömu daga og þau eru í sundi og íþróttum í skólanum. Þau ná varla að klæða sig eftir sund og fara í hádegismat til að komast aftur í íþróttahúsið í tæka tíð á æfingu.
- Mætti vera fjölbreyttara.
- Vantar betri aðstöðu fyrir félagsmiðstöð.
- Spurning um að skipulag íþróttanna yngstu barnanna. Þau eru í íþróttum og sundi á mánudögum og miðvikudögum fyrir hádegi. Strax eftir hádegi sömu daga eru íþróttir í tómstundum fyrir þennan aldurshóp. Heppilegra væri að finna annan tíma svo börnin geti komist í hádegismat og borðað í rólegheitum. Þau fá mjög stuttan tíma til að komast úr sundi í mat og svo aftur í íþróttahús.
- Það á að bjóða ungmönnum almennilegt húsnæði og þau eiga að hafa aðgang að sal eins og þau þurfa til að halda diskó eða aðra viðburði. Það þarf aðstöðu fyrir ungt



hljómsveitarfólk til æfinga og athvarf fyrir leikfélagið þannig að það megi vaxa og dafna. Upplýsingar um viðburði unga fólksins mega vera sýnilegri eins og söngvakeppnin sem haldin var um daginn er fór fram hjá mörgum.

- Félagsmiðstöðin þarf betra húsnæði.
- Betri samvinnu á milli allra ofangreindra þátta þannig að vinnudeginum ljúki á skikkanlegum tíma og krakkarnir séu ekki að skila sér heim um kvöldmat eftir lang vinnudag. Vinnudegi þeirra ætti að ljúka um 16 eins og hjá fullorðnum.
- Hér eru eingönu boltaíþróttir í boði, fyrir utan 1 tíma á viku í frjálsum fyrir þennan aldurshóp.
- Tel mjög mikilvægt að hafa fjölbreyttara tómstundastarf sér í lagi í íþróttum.
- Sem dæmi er auðvelt að bæta við fimleikum og dans svo eitthvað sé nefnt en dans ætti að vera í boði allan veturinn.
- Það er einfaldlega ekkert í boði fyrir þennan aldurshóp í bænum. Það er slæmt.
- Það vantar helst danskennslu og sund.
- Vantar að bjóða upp á dans eða fimleika eða annað álíka og sama með sunðið.
- Mjög flott starf sem þarna fer fram nema að húsakostur er óviðunandi.
- Húsnæðið sem hýsir tómstundastarf er löngu komið fram yfir síðasta söludag og ekki hægt að bjóða upp á það mikið lengur. Tómstundastarfið er mjög gott miðað við þær aðstæður sem boðið er upp og í höndunum á mjög hæfum einstakling.
- Vantar einhverskonar dansnám!
- Hefur lítið tekið þátt í því.
- Húsnæðismál gjörsamlega til skammar.
- Húsnæði er auðvitað ekki boðlegt!
- Algjörlega óviðunandi húsnæði en starfið er samt mjög gott og eiga starfsmenn heiður skilinn.
- Vantar meiri fjölbreytni fyrir krakka. Íþróttastarfið er fínt ... vantar samt meiri fjölbreytni fyrir þau börn sem ekki hafa áhuga á boltaíþróttum, t.d. vantar alveg sundæfingar og meiri danskennslu.

## Samantekt og umræða

Í heild verður að telja meginniðurstöðurnar jákvæðar. Mjög fáir foreldrar eru óánægðir með skóla- eða tómstundastarfið.

Áhugavert er að í athugasemdum um mat á grunnskólanum nefna flestir óskir um aukna áherslu skapandi starf af ýmsu tagi.

Með fáum undantekningum er mikil óánægja með mötuneyti Grunnskólans. Á þessu er brýnt að taka því þetta ástand bitnar mjög á skólabrag og námi. Þá verður að nefna að mjög brýnt er að bæta aðstæður barnanna eftir og í kringnum íþróttatíma.

Leikskólinn fær góðan vitnisburð foreldra en engu að síður er ástæða til að skoða vel ábendingar foreldra um að betur megi hlusta á raddir þeirra, sem og athugasemdir þeirra um sveigjanlegri dagskrá og um mötuneytið. Þá er áriðandi að huga að lagfæringu útileiksvæðis.

Tónlistarskólinn fær góðan vitnisburð. Ekki er þó hægt að horfa fram hjá því að þótt hann sé vel sóttur fer stór hluti barnanna á mis við tónlistarkennslu, meðan tónmennt er ekki á stundaskrá Grunnskólans.

Niðurstöðurnar undirstrika hve áriðandi er að finna betra húsnæði fyrir tómstundastarfið. Þessi orð foreldris segja allt sem segja þarf: „Algjörlega óviðunandi húsnæði en starfið er samt mjög gott og eiga starfsmenn heiður skilinn.“